

Þriðjudaginn 28. febrúar 1995.

Nr. 28/1995.

**Jón Eggert Hvanndal**

(Andri Árnason hrl.)

gegn

**Lífeyrissjóði Félags íslenskra**

**stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli**

(Garðar Garðarsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

### Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1995. Með bréfi 8. febrúar 1995 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins 15. mars 1995.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að kröfu stefnda verði hafnað, en til vara, að tryggingarfjárhæðin verði ekki ákvörðuð hærrí en 100.000 krónur.

Rök stefnda eru þau, að áfrýjandi sé búsettur í Bandaríkjunum og sé bandarískur ríkisborgari. Kröfur sínar reisir stefndi á a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu um málskostnaðartryggingu mótmælt með þeim rökum, að ósannað sé, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Einnig séu verulegar líkur á, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður. Varakröfu sína styður áfrýjandi þeim rökum, að um sé að ræða sömu fjárhæð og áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað samkvæmt hinum áfrýjaða dómi, enda þótt honum hafi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. júlí 1994 verið gert að leggja fram helmingi hærrí tryggingarfjárhæð, þ. e. 200.000 krónur.

Áfrýjandi er búsettur í Bandaríkjunum. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994, ber að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda er ekki vit-

að til, að menn búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 150.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Áfrýjanda, Jóni Eggert Hvanndal, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 150.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 28/1995. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

---